

Mánudaginn 21. október 1974.

Nr. 109/1973: **Davíð Sigurðsson**
 (Jón E. Ragnarsson hrl.)
 gegn
Málmi h/f og gagnsök
 (Jón Finnsson hrl.).

Dó m e n d u r:
 hæstaréttardómaramirnir **Benedikt Sigurjónsson, Björn Svein-
 björnsson, Einar Arnalds, Logi Einarsson og Magnús P. Torfa-
 son.**

Vinnuslys. Skaðabótamál.

Dómur Hæstaréttar.

Jón Ísberg, sýslumaður í Húnavatnssýslu, hefur kveðið upp hinn áfrýjaða dóm.

Aðaláfrýjandi hefur áfrýjað máli þessu með stefnu 24. júlí 1973. Krefst hann þess, að gagnáfrýjanda verði dæmt að greiða honum 1.277.998.00 með 8% ársvöxtum frá 23. október 1969 til 16. maí 1973, en 9% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags. Þá krefst hann málskostnaðar úr hendi gagnáfrýjanda bæði í héraði og fyrir Hæstarétti, eins og málið væri ekki gjafsóknarmál, en aðaláfrýjandi, sem hafði gjafsókn í héraði, hefur fengið gjafsókn fyrir Hæstarétti með bréfi dómsmálaráðuneytis 8. október 1974.

Gagnáfrýjandi hefur áfrýjað máli þessu með stefnu 4. janúar 1974, að fengnu áfrýjunarleyfi 12. desember 1973. Krefst hann sýknu af kröfum aðaláfrýjanda og málskostnaðar úr hans hendi bæði í héraði og fyrir Hæstarétti.

Svo sem rakið er í héraðsdómi, varð slys það, sem um er fjallað í málinu, 23. október 1969. Engir sjónarvottar voru að slysinu, og er aðaláfrýjandi einn til frásagnar um atvik. Í umrætt sinn varð rafmagnsbilun í verksmiðju gagnáfrýjanda. Þegar gert hafði verið við bilunina, hugðist aðaláfrýjandi, sem unnið hafði í verksmiðjunni um hálfis árs skeið, setja naglagerðarvél í gang. Gerði hann það með því að þrýsta

á ræsirofa og taka um leið í kasthjól á vélinni til að létta gangsetninguna. Þá spýttist nagli úr vélinni og í vinstra auga hans. Aðaláfrýjandi bar ekki hlífðargleraugu eða annan hlífðarbúnað í umrætt sinn.

Sveinbjörn Albert Magnússon, sem var starfsmaður í verksmiðjunni og hafði starfað þar um tveggja og hálfis árs skeið, er slysið varð, telur nagla stundum hafa kastast upp úr vélum, þegar verið var að ræsa eða stöðva þær, en naglar þessir hafi ekki farið með miklum hraða og tæpast getað skaðað nokkurn mann. Þetta hafi verið í eina skiptið, sem hann viti til, að nagli hafi spýst frá vélinni. Sveinbjörn telur, að þurft hafi að taka í kasthjól vélarinnar til að létta gangsetningu, um leið og þrýst var á ræsirofann. Hann hafi kennt aðaláfrýjanda að vinna við vélararnar.

Jón Hannesson, sem kveðst hafa starfað við vél þá, er hér um ræðir, öðru hverju um nokkurra ára skeið, hefur lýst því, að hann ræsi vélinar þannig, að hann þrýsti á ræsirofann, en taki ekki í kasthjól. Jón hefur skýrt svo frá, að nagli, sem spýttist úr vélinni, „hafi takmarkað svæði, sem kalla mætti hættusvæði“. Engin hætta stafi af vélinni, „nema lotið sé fram yfir hana við gangsetningu eða stöðvun“.

Naglavél sú, sem aðaláfrýjandi vann við, er slysið varð, var skoðuð af eftirlitsmanni Öryggiseftirlits ríkisins eftir slysið. Segir í umsögn hans, sem dagsett er 28. október 1969, að staðsetning vélarinnar á vinnusvæðinu sé ágæt. Allarfitt sé að koma fyrir hlíf til „varnar naglakasti slíku, sem orsakaði slys þetta“.

Þegar litið er til atvika slyss þessa, verður að telja, að gagnáfrýjandi hafi eigi gætt þess, að nauðsyn bar til, að starfsmenn hans bæru hlífðargleraugu eða andlitshlífar, er þeir störfuðu við gangsetningu naglagerðarvélar þessarar, og ósannað, að slík tæki hafi verið til afnota í verksmiðjunni á þessum tíma. Þá verður að telja það óvarlega vinnuaðferð að taka í kasthjól vélarinnar, um leið og hún var ræst, svo sem aðaláfrýjandi gerði og virðist hafa verið kennt. Að svo vöxnu máli þykir verða að leggja á gagnáfrýjanda alla fébótaábyrgð á tjóni aðaláfrýjanda af slysi þessu.

Fyrir Hæstarétti sundurliðar aðaláfrýjandi kröfur sínar þannig:

1. Öror kubætur	kr. 1.264.025.00
2. Miskabætur	— 260.000.00
3. Útlagt fé	— 33.193.00
	<hr/>
	Kr. 1.557.218.00
÷ Greiðsla frá Tryggingastofnun ríkisins	— 279.220.00
	<hr/>
	Kr. 1.277.998.00

Um 1. Stefán Guðnason tryggingayfirlæknir mat örorku aðaláfrýjanda vegna slyss þessa 12. desember 1970. Taldi hann, að örorka aðaláfrýjanda hefði verið 100% frá slysdegi til nóvemberloka 1970, en eftir það varanleg örorka 20%.

Guðjón Hansen tryggingastærðfræðingur hefur síðast hinn 4. september 1972 reiknað með líkindatölum örorkutjón aðaláfrýjanda miðað við slysdag. Séu tekjur aðaláfrýjanda árið 1969 lagðar til grundvallar, telst tryggingastærðfræðingnum til, að tjón aðaláfrýjanda vegna tímabundinnar örorku nemi kr. 95.591.00 og tjón hans vegna varanlegrar örorku kr. 313.106.00. Sé hins vegar miðað við dagvinnutekjur iðnverkamanna séu samsvarandi fjárhæðir kr. 172.276.00 og kr. 564.288.00, en kr. 317.452.00 og kr. 1.113.439.00, sé miðað við algengar verkamannatekjur. Er hér reiknað með 7% ársvöxtum, en ekki tekið tillit til lífeyrisréttinda.

Samkvæmt gögnum málsins námu framtaldar vinnutekjur aðaláfrýjanda árið 1965 kr. 19.330.00, árið 1966 taldi hann engar tekjur fram, árið 1967 taldi hann vinnutekjur sínar kr. 37.400.00, árið 1968 kr. 51.438.00 og árið 1969 kr. 75.834.00. Ekki hafa komið fram fullnægjandi gögn um vinnutekjur aðaláfrýjanda eftir slysið.

Þegar til alls þessa er litið og annars þess, er hér skiptir máli, þykja bætur til aðaláfrýjanda samkvæmt þessum lið hæfilega metnar kr. 250.000.00, og hafa þá verið dregnar frá bætur frá Tryggingastofnun ríkisins.

Um 2. Eftir atvikum þykir mega staðfesta niðurstöðu héraðsdóms, að því er varðar fjárhæð þessa kröfuliðs.

Um 3. Aðaláfrýjandi hefur lagt fram gögn fyrir útlögðu fé, kr. 20.803.00. Gegn andmælum gagnáfrýjanda verður þessi liður eigi tekinn til greina með hærri fjárhæð.

Samkvæmt þessu verður gagnáfrýjanda dæmt að greiða aðaláfrýjanda kr. 345.803.00 (250.000 + 75.000 + 20.803) með 8% ársvöxtum frá slysdegi 23. október 1969 til 16. maí 1973 og 9% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags, en vaxtahæð hefur eigi sætt andmælum.

Þá ber að dæma aðaláfrýjanda til að greiða kr. 90.000.00 í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti og renni fé það í ríkissjóð.

Hinn 17. apríl 1973 var að kröfu aðaláfrýjanda gert lög-hald í „fasteignum Málmis h.f.“ til tryggingar skaðabóta-greiðslum, sem um er fjallað í máli þessu. Staðfestingarmál vegna löghalds þessa var höfðað með stefnu 17. apríl 1974 og sameinað aðalmálinu. Samkvæmt gögnum málsins var fasteign sú, sem kyrrsett var, seld á nauðungaruppbóði 13. júní 1974, án þess að nokkurt fé kæmi sem andlag löghaldsins. Hér fyrir dómi eru aðiljar sammála um, að löghaldið sé þar með niður fallið, og gera þeir engar kröfur vegna löghalds-gerðarinnar.

Aðaláfrýjandi fékk upphaflega gjafsókn í héraði í máli þessu með bréfi dómsmálaráðuneytisins 18. mars 1971, og var Jón Oddsson hæstaréttarlögmaður þá skipaður talsmaður hans. Hafði hann á hendi gagnaöflun og sókn málsins í héraði. Dómur var kveðinn upp í málinu 23. maí 1972. Eigi voru í dóminum ákveðin laun hins skipaða talsmanns, svo sem skylt er. Samkvæmt yfirlýsingu lögmanns aðaláfrýjanda hér fyrir dómi voru talsmanninum greiddar kr. 39.000.00 úr ríkissjóði í málflutningslaun fyrir þennan þátt málsins. Þykir mega láta þá fjárhæð óbreytta standa. Héraðsdómurinn frá 23. maí 1972 var ómerktur með dómi Hæstaréttar 23. febrúar 1973. Með bréfi dómsmálaráðuneytisins 4. apríl 1973 var Jón Oddsson hæstaréttarlögmaður að eigin ósk leystur frá talsmannsstarfi sínu og Jón E. Ragnarsson hæstaréttarlögmaður

skipaður til að fara með málið í héraði fyrir aðaláfrýjanda, og hann hefur einnig verið skipaður talsmaður aðaláfrýjanda fyrir Hæstarétti.

Samkvæmt framangreindu ber að greiða allan gjafsóknarkostnað máls þessa bæði í héraði og fyrir Hæstarétti úr ríkissjóði, þar sem talin málflytningislaun skipaðra talsmanna aðaláfrýjanda, Jóns Oddssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 39.000.00, og Jóns E. Ragnarssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 70.000.00.

Héraðsdómari hefur eigi kveðið á um málflytningislaun skipaðra talsmanna aðaláfrýjanda í héraði, sbr. 3. tl. 173. gr. og 2. mgr. 174. gr. laga nr. 85/1936. Í héraðsdómi eru ummæli sem varða dóm Hæstaréttar 23. febrúar 1973 í málinu nr. 104/1972. Eru þau með öllu óviðkomandi úrlausn máls þessa og óviðurkvæmileg.

D ó m s o r ð :

Gagnáfrýjandi, Málmur h/f, greiði aðaláfrýjanda, Davíð Sigurðssyni, kr. 345.803.00 með 8% ársvöxtum frá 23. október 1969 til 16. maí 1973 og 9% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags.

Gagnáfrýjandi greiði málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, kr. 90.000.00, er renni í ríkissjóð.

Allur gjafsóknarkostnaður málsins bæði í héraði og fyrir Hæstarétti greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málflytningislaun skipaðra talsmanna aðaláfrýjanda, Jóns Oddssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 39.000.00, og Jóns E. Ragnarssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 70.000.00.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur aukadómþings Húnavatnssýslu 12. maí 1973.

Mál þetta, sem dómtekið var 30. apríl s.l. að loknum munnlegum málflytningi, var þingfest að nýju 17. apríl s.l., en var upprunalega höfðað fyrir aukadómþingi Húnavatnssýslu af Davíð Sigurðs-

syni verkamanni, Blönduósi, með stefnu, útgefinni 23. maí 1971, gegn Málmí h/f. Dómur gekk í því máli 23. maí 1972. Þeim dómi var áfrýjað til Hæstréttar, og gekk dómur 23. febrúar 1973. Var málinu heim vísað á þeirri forsendu, að of langur tími hafi liðið frá dómtöku til dómsuppsagnar. Virðist nokkuð langt sótt hjá æðsta dómstól þjóðarinnar að draga efnisúrslit máls vegna formgalla, sem virðist vera smávægilegur, því ekki hefði þurft að bóka annað en dómsuppsögn hefði dregist vegna embættisanna, a. m. k. hafa dómur staðist, ef svo hefur verið gert. Nægja hefði átt að gera athugasemd við þetta atriði, eins og gert var við tvö önnur atriði dómsins. Dómarar og lögmenn hafa ekki gagnrýnt Hæstarétt, þótt oft hafi gefist ástæða, vegna þess að hann verður að njóta trausts. Virðulegir hæstaréttardómarar verða einnig að gæta hófs. Þjóðin ætlast til þess, að þeir dæmi fyrst og fremst efnislega, en leiki sér ekki að því að vísa heim málum vegna formgalla, nema um raunverulega formgalla sé að ræða, t. d. rangur aðili höfði málið. Gott er að hafa hugfast, að verði formið tekið fram yfir efnið, er frjórri hugsun hætt og Hæstiréttur verður ekki sá sköpunaraðili í réttarkerfi landsmanna, sem hann á að vera.

Ósk hafði komið fram um framlagningu nýrra gagna og vitnaleiðslur, og var orðið við henni.

Þá hafði lögmaður stefnanda krafist löghalds í eignum stefnda og það löghald gert. Með stefnu, útgefinni 17. apríl, höfðaði svo lögmaður stefnanda staðfestingarmál, og var það þingfest sama dag. Á dómþingi 30. apríl ákvað dómurinn að sameina löghaldsmálið aðalmálinu.

Stefnandi gerir þær dómkröfur, að stefndi, Málmur h/f, verði dæmdur til greiðslu skaðabóta, samtals að upphæð kr. 1.277.998.00 auk 8% ársvaxta frá 23. október 1969 til greiðsludags svo og til greiðslu málskostnaðar samkvæmt gjaldskrá Lögmannafélagsins, eins og málið væri eigi gjafsóknarmál. Þá krefst stefnandi staðfestingar á löghaldsgerðinni í eignum Málmur h/f.

Stefndi gerir þær dómkröfur aðallega, að hann verði sýknaður af kröfu stefnanda og dæmdur hæfilegur málskostnaður eftir mati réttarins.

Til vara gerir hann þær kröfur, að stefnukröfur verði stórlækk- aðar og málskostnaður verði látinn niður falla.

Málavextir eru þeir, sem nú skal greina:

Stefnandi málsins, Davíð Sigurðsson, var fastur starfsmaður hjá Málmí h/f í naglaverksmiðju fyrirtækisins hér á Blönduósi. Vann hann við naglavélarnar hinn 23. október 1969. Vann hann að venju

við vélarnar, en hann og annar maður, Jóhannes Þórðarson, voru þá einu starfsmenn í verksmiðjunni. Aðalmaðurinn í verksmiðjunni og óskráður verkstjóri, eins og stjórnarformaður fyrirtækisins kallar hann, Sveinbjörn Magnússon, var þennan dag forfallaður vegna veikinda. Einhver rafmagnstruflun var, og stöðvuðust vélarnar, og var Sævar Snorrason rafvirki fenginn til þess að líta á bilunina. Hvorugur þessara manna var þó sjónarvottur að slysi því, er stefnandi varð fyrir. Ekki var önnur bilun finnanleg en að öryggi höfðu farið. Þegar svo stefndi, Davíð Sigurðsson, ætlaði að setja vélina í gang aftur, vildi það óhapp til, að nagli hrökk upp úr vélinni og í auga Davíðs með þeim afleiðingum, að augað má heita honum ónýtt, og var hann frá vinnu um langan tíma á eftir, eins og síðar verður getið.

Um þessa atvikalýsingu eru aðiljar í höfuðdráttum sammála. Í vitnaleiðslu, sem fram fór 3. mars s.l., kom fram hjá vitninu Sveinbirni Magnússyni, sem hafði unnið hjá fyrirtækinu nokkuð langan tíma, og einnig fram hjá stefnanda, Davíð Sigurðssyni, að vélin eða vélarnar urðu eiginlega ekki settar í gang nema á einn veg, það er að starfsmaðurinn hjálpaði til með því að ýta á kasthjólíð og teygði sig um leið í hnapp, sem ræsti vélina. Og þannig fór stefnandi að í þetta sinn, þannig að viðbrögð hans við gangsetningu voru eðlileg á allan hátt miðað við það, sem hann hafði lært og við gekkst og raunar eina færa leiðin til þess að setja vélina í gang, að sögn vitnisins Sveinbjarnar Magnússonar.

Það kemur fram af gögnum málsins, að vélarnar hafi verið og hafi átt að vera hlífðarlausar og vart verið viðkomið hlífum á þeim og alls öryggis gætt eða þess öryggis, sem krafist er af þessum vélum samkvæmt skýrslu til Öryggiseftirlits ríkisins.

Lagðar voru fram ljósmyndir af vélunum og teikningar (á dómsskj. 26—29 og 30—31), sem sýna áttu hættusvæði vélarinnar. Svo og benti Jón Hannesson, sem er meðstjórnandi í stjórn Málms h/f, á, þegar dómari og lögmenn fóru á vettvang, að hætta er ekki til staðar, eða a. m. k. mörgum sinnum minni, ef vélin er sett í gang á þann veg, sem hann gerði, þ. e. aðeins að ræsa rafmótorinn með því að þrýsta á ræsihnapp í stað þess að hjálpa vélinni einnig til með því að ýta á kasthjólíð. Sé hún hins vegar sett í gang með því að ýta á kasthjólíð, eins og stefnandi, Davíð, gerði, þá bjóði hann hættunni heim með því að lúta yfir vélina. Enda hafi naglinn farið í vinstra augað og því bersýnilegt, hvernig hann hefði sett vélina af stað. Mjög er sennilegt, að þessi fullröðing Jóns Hannessonar fái staðist, en á það ber að líta, að „verk-

stjórinn“ eða sá, sem var óskráður verkstjóri, Sveinbjörn Magnússon, hjálpaði vélinni í gang með því að ýta á kasthjólið, og hann kenndi stefnanda á vélina, en aðra þjálfun í meðferð vélanna hlaut hann ekki. Athugulum manni hefði því átt að vera ljós hættan, sérstaklega vegna þess að fram kemur hjá stefnanda, að komið hafi fyrir, að naglar hafi spýst úr vélinni.

Ekki hafði stefnandi neinar öryggishlífar, nema til voru eyrna-hlífar. En ekki hlífar til þess að hlífa andlitinu eða augunum. Telja vitnin Sveinbjörn Magnússon og Jón Hannesson, að erfitt sé að vinna með andlitshlífar, vegna þess að nauðsyn sé að hafa heyrnarhlífar og komið sé þá svo mikið á höfuðið, að það geri þeim erfitt um vik.

Þá hefur stefndi lagt fram mynd af nýrri naglavél, en þessar naglavélar, sem Málmur h/f á, eru orðnar nokkuð gamlar, og á þessari nýju naglavél er ekki hægt að sjá neinar hlífar, og virðist hún í fljótu bragði líkjast mjög þessum gömlu naglavélum að öllu um frágangi.

Það virðist víst svo, að aðbúnaður allur hafi verið í góðu lagi og þetta slys sé ekki hægt að rekja beint til vanbúnaðar af hálfu vinnuveitanda. Né heldur er hægt að kenna um vanrækslu eða klaufaskap starfsmanns, því hann ræsti vélina á þann hátt sem honum hafði verið kennt, nema þá helst því að hafa ekki hreinsað naglann úr vélinni, áður en hann ræsti hana, en ósannað er, að honum hafi verið kennt að gera það.

Skaðabótaskylda atvinnurekanda eða húsbónda er því ekki fyrir hendi sökum vanbúnaðar á nokkurn hátt né heldur verður um hana að ræða vegna mistaka af hendi starfsmanna hans. Ekki verður heldur séð, að þessi starfsgrein sé hættuleg í sjálfu sér, getur því skaðabótaskylda ekki byggst á þeirri forsendu. Háttsemi og framferði starfsmannsins, stefnanda, virðist einnig í einu og öllu hafa verið óaðfinnanleg. Hér er því um að ræða óhappatilviljun. En naglinn, sem meiðslunum olli, spýttist úr naglavélinni, um það er ekki deilt. Þessi möguleiki er því til, að naglavélarnar geti verið hættulegar, þótt þær hafi ekki verið taldar það. Þykir því rétt að leggja skaðabótaskylduna á herðar Málmis h/f, þar sem ekki er grundvöllur fyrir sakarskiptingu, þegar af þeirri ástæðu, að ekki verður séð, að um sök hjá aðiljum hafi verið að ræða. Verður því sú varavarnarástæða stefnda ekki tekin til greina við ákvörðun bóta fyrir vinnutjón, en höfð til hliðsjónar við ákvörðun um miskabætur.

Dómarinn lítur svo á, að stefnda, Málmí h/f, beri að bæta stefnanda tjón hans að verulegu leyti.

Kröfur stefnanda eru þrjúþættar: 1. missir atvinnutekna, 2. miskabætur fyrir þjáningar og lýti, 3. útlagður kostnaður.

1. Samkvæmt örorkumati Stefáns Guðnasonar tryggingayfirlæknis, dags. 12. desember 1970, er örorka stefnanda metin 100% frá slysaðegi 23. október 1969 til 30. nóvember 1970 og síðan 20% varanleg örorka. Svona útfærsla á örorkubótum mun vera samkvæmt venjum Tryggingastofnunar ríkisins. Annað hvort er sá slasaði vinnufær eður eigi, en rökrétt er það ekki, þótt ekki verði farið nánar út í það, enda örorkumatið ekki vefengt.

Guðjón Hansen, cand. act., hefur reiknað út vinnutjón stefnanda samkvæmt þessu örorkumati. Stefnandi virðist hafa haft mjög litlar tekjur næstu árin á undan, svo erfitt hefur reynst að meta tjón hans, en venja er að taka að jafnaði 3 næstu árin á undan. Tryggingafræðingurinn hefur tekið 3 valkosti: A miðað við vinnutekjur stefnanda árið 1969, B miðað við dagvinnutekjur iðnverkamanns og C miðað við algengar tekjur verkamanna.

Tekjur manna eru einstaklingsbundnar, þess vegna er eðlilegt að miðað sé við tekjur stefnanda þrjú síðustu ár, en dómari getur fallist á, að í þessu tilviki verði miðað við árið 1969, enda útreikningum ekki mótmælt af gagnaðilja og tjónið metið samkvæmt því, eða eftir grundvelli A.

Lögmaður stefnanda hélt því fram við munnlegan máflutning, að miða bæri við ástandið eins og það var á slysaðegi, og vefengdi hann útreikninga tryggingafræðingsins eða réttara sagt grundvöll útreikninganna.

Ekki liggur nákvæmlega fyrir kaup stefnanda á slysaðegi, en árið 1969 er tekið til viðmiðunar eitt sér, en ekki þrjú ár aftur í tímann, eins og venja er, og er það stefnanda í hag, en svo virðist sem heilsa hans hafi ekki verið nægilega góð, og kann það að hafa haft áhrif á teknamöguleika hans, en ekki er hægt að taka það til greina við útreikning vinnutjóns, sem vinnuveitandi kann að eiga að greiða. Svo þarna er komið til móts við sjónarmið lögmannsins. Á hitt sjónarmiðið getur dómari ekki fallist, að ekki beri að leggja til grundvallar útreikninga tryggingafræðingsins til ákvörðunar bóta. Slíkt hefur verið dómvenja, og mun dómari fylgja þeirri venju. Allverulegar verðlagsbreytingar hafa orðið, síðan slysið varð, og þess vegna hefur tryggingafræðingurinn, Guðjón Hansen, verið fenginn til þess að umreikna tjón stefnanda miðað við breyttar aðstæður.

Tryggingafræðingurinn metur lífeyrisréttindi, þau er vinnuveitandinn greiðir, til fjár og telur þau 6%. Dómarinn fellst ekki á þetta sjónarmið, vegna þess að hluti launagreiðandans til lífeyrissjóðsins fellur til lífeyrissjóðsins, ef launþeginn fær inneign sína greidda út, en ekki til launþegans. Nú og næstu ár mun stefnandi vafalítið greiða í þennan lífeyrissjóð, og ef honum endist líf og heilsa, fær hann hámark út úr sjóðnum við 67 ára aldur án tillits til greiðsluþphæðar í sjóðinn, ef aðeins hann hefur unnið allan tímann sem verkamaður, þegar vinnu var að fá. Verður því ekki tekið tillit til lífeyrisgreiðslna vinnuveitanda við útreikning bóta. Samkvæmt endurmetnu örorkutjóni (dómsskj. nr. 18) metur tryggingafræðingurinn tjón stefnanda vegna tímabundins örorkutaps til 30. nóvember 1970 kr. 95.591.00 og vegna varanlegrar örorku kr. 313.106.00, eða samtals kr. 408.697.00. Frá þessum bótum dragast slysabætur Tryggingastofnunar ríkisins, kr. 279.220.00, eða tjón stefnanda verður þá kr. 129.477.00, sem rétt er, að stefndi, Málmur h/f, greiði stefnanda með 8% vöxtum frá 1. janúar 1970. Er þá tekið tillit til jafngreiðslna slysabóta, en ekki er hægt að miða við slysdag, þegar af þeim ástæðum að stefnandi fær kaup greitt í viku frá slysi samkvæmt kjarasamningum.

2. Miskabætur. Slíkar bætur verða alltaf álitamál. Auðvitað fylgir svona áverka þjáningar og óþægindi. Lýti vegna þessa slyss verða, sem betur fer, ekki varanleg. Í örorkumati á fskj. nr. 7 er vitnað í vottorð Gissurar Péturssonar, augnlæknis á Akureyri, dags. 26. maí 1970:

„Horfur augans: Eins og er hefur sjúklingurinn ekkert gagn af auganu. Markmiðið, sem nú er stefnt að, er að lægja bólguna, sem er með auganu hið innra. Ef það tækist og halda mætti því bólgufríu upp frá því, er möguleiki á því, að með aðgerð mætti fjarlægja augasteininn og eftirstandandi lithimnuleifar, og þá mætti ef til vill með linsu á hornhimnu (contact lens) með áteiknaðri lithimnu, gefa honum nothæfa sjón á auganu, sem yrði honum a. m. k. mikils virði, t. d. í því tilfelli, að eitthvað kæmi fyrir hægra augað og það yrði honum gagnslaust. Ef ekki tekst að lægja bólguna í auganu og hún verður alveg chronisk, hlýtur augað að eyðileggjast fyrir eða síðar. Einnig er alltaf möguleiki á sjónhimnulosi í svona útleiknu auga, og gæti það átt sér stað eftir eitt, tvö eða fleiri ár, um slíkt verður ekkert sagt með vissu. Einnig er góður möguleiki á því, að þótt bólgan verði yfirunnin, geti hvernær sem er þar eftir hafist gláka í auganu. Nema því aðeins, að áðurgreind aðgerð verði framkvæmd, verður augað honum alveg

gagnslaust, og jafnvel þótt sú aðgerð tækist með ágætum, verður augað aldrei hálfdrættingur á við það heilbrigða, þótt um notagildi þess verði ekkert fullyrt á þessu stigi.

Varðandi höfuðverk þann, sem þjáð hefur sjúklinginn að undanfögnu og meðal annars valdið því, að hann hefur orðið óvinnufær, er það mitt álit, að hann standi ekki í beinu sambandi við augað, eins og það nú er eða hefur verið frá áramótum. Hins vegar eru líkur fyrir því, að augnaskaðinn sé óbeinlínis valdur að höfuðverknum eða þáttur í honum, en sjúklingurinn er í eðli sínu taugaóstyrkur og reykir mikið, og kom þetta glöggt fram við hans sjúkrahúslegu. Hann hlaut í bernsku höfuðáverka, sem m. a. leiddi til rannsóknar í ríkisspítalanum í Kaupmannahöfn, og kann þetta að vera tengt. Sjúklingi var ráðlagt að leita tauga- og geðsjúkdómasérfræðings, Kristjáns Þorvarðssonar læknis í Reykjavík, vegna síns höfuðverkjar, en hann hafði með sjúklinginn að gera í sambandi við áðurgreindan höfuðáverka.“

Ög síðan vitnað í vottorð Kristjáns Þorvarðssonar læknis, Reykjavík, dags. 5. júní 1970:

„Davíð Sigurðsson, f. 12. 9. 1937, til heimilis á Blönduósi, hefir verið hjá mér til athugunar síðan 28. sl. (sic) vegna afleiðinga af áverka á auga hans, er hann hlaut 23. okt. s.l. Síðan hefur hann ekki getað unnið vegna stöðugs höfuðverkjar, sem hann segir, að hafi ágerst mjög við áreynslu og kulda. Auk þess hefir hann orðið mjög skapillur og geðstirður á heimili, og hefur hann þess vegna leitað til mín sem tauga- og geðlæknis.

Ég tel, að höfuðverkurinn geti hæglega verið vefrænn (angiospastiskur), en auk þess blandast psykagengar orsakir, áhyggjur um fjárhagslega afkomu vegna fjölskyldunnar. Hann er því haldinn psykaneuroteskri depression. Ég hef gefið honum stemetil og valium, og er hann nú betri, höfuðverkurinn minni, en ég tel ekki, að hann sé fær til vinnu enn og of snemmt að gera tilraun til vinnu. Hann mun leita mín síðar, ef ástandið ekki batnar að fullu.“

Eins og fram kemur í mati Guðjóns Hansens, cand. act., á fskj. 8, voru tekjur stefnanda sáralitlar, vegna þess að hann hefur lítið unnið næstu árin fyrir slysið. Eru líkur fyrir því, að heilsa hans hafi ekki verið í fullkomnu lagi fyrir slysið, svo hann hafi ekki af þeim sökum getað aflað tekna sem aðrir menn.

Vitnið Valur Snorrason kom fyrir dómþing 30. apríl, en undir hans stjórn hefur stefnandi unnið mikinn hluta ársins 1972 og það, sem af er 1973. Telur vitnið stefnanda ágætan starfsmann og ekki

verði séð, að áverkinn á auganu, þ. e. að stefnandi hefur aðeins annað augað, hafi hamlað honum vinnu, sem m. a. var málningarvinna. Að vísu hafi stefnandi stundum kvartað um þreytu eða verk í auganu, en ósannað er, að verkur sá stafi eingöngu frá hinu eyðilagða auga, sbr. vottorð Gissurar Péturssonar, augnlæknis á Akureyri (á dómsskj. 7, bls. 3). Stefnandi virðist því hafa náð sér vel.

Í sjálfu sér skiptir ekki máli, hvort sjúkdómur er vefrænn eða á sálinni. Miðað við það, sem áður er fram komið, verður að telja, að stefnandi hafi ekki verið alveg heill heilsu fyrir slysið, og hefur það vafalítið áhrif á líðan hans eftir slysið, þannig að augnamissirinn hefur lagst þyngra á hann en annars. Þegar allar aðstæður eru vegnar og haft í huga, að stefnda er gert að greiða fullt vinnutjón og aðeins eitt ár reiknað aftur, sem er stefnanda mikið hagstæðara, þykir rétt, að hann beri að nokkru þjáningar án bótagreiðslu, og þykja kr. 75.000.00 hæfilegar bætur.

3. Krafa um endurgreiðdan kostnað. Stefnandi gerir kröfu um endurgreiðslu útlagðs kostnaðar, kr. 33.193.00. Fylgiskjöl eru fyrir kr. 20.803.00, þar eru m. a. reikningar vegna örorkumats og fyrir útreikninga tryggingafræðings, samtals að upphæð kr. 6.200.00. Svo virðist sem þessi upphæð eigi ekki að fylgja þessum lið, heldur málskostnaði. Einnig er þarna lyfjareikningur, kassakvittun að upphæð kr. 1.771.00 án frekari skýringar, eða t. d. hvort endurgreiðsla hafi fengist frá sjúkrasamlagi. Það vantar yfirlit yfir þennan kostnað, aðeins tíndar saman kvittanir án nánari skýringa.

Í sjálfu sér vefengir dómarrinn ekki kostnaðinn, en ekki er hægt gegn mótmælum stefnda að dæma hann til greiðslu alls þessa kostnaðar. Hæfileg greiðsla er metin 14.000.00, en það er nálægt sú upphæð, sem fylgiskjöllum er skilað fyrir.

Með stefnu, útgefinni 17. apríl, höfðaði stefnandi mál til staðfestingar löghaldi, sem þann sama dag hafði verið gert í eignum stefnda, Málmsh/f. Á dómþingi 30. apríl ákvað dómarrinn að sameina mál þetta aðalmálinu. Stefnandi lagði fram umkrafða tryggingu, og löghaldinu hefur ekki verið mótmælt. Ber því að staðfesta það og viðurkenna löghaldsrétt stefnanda.

Þá hefur stefnandi gert kröfu um málskostnað. Með bréfi dómsmálaráðuneytisins, dags. 18. mars 1971, er stefnanda veitt gjafsókn í máli þessu, og er það gjafsóknarleyfi endurnýjað með bréfi 7. apríl 1973. Í máli því, sem var vísað heim, var málskostnaður ákveðinn úr hendi stefnda kr. 66.553.00. Við þá upphæð bætist málskostnaður við endurflutning málsins. Málflutningslaunin eru

ákvörðuð með hliðsjón af, að gagnaöflun fór að mestu fram í hið fyrra skipti, og lögmaðurinn flutti málið efnislega fyrir Hæstarétti.

Málskostnaður sundurliðast þannig:

Málflutningslaun	kr. 25.000.00
Ferðalög og dagpeningar	— 31.800.00
Vottorð vegna málssóknar	— 4.500.00
Bankakostnaður vegna löghalds o. fl. —	2.000.00

Samtals kr. 63.300.00

Stefnandi hefur fengið gjafsóknarleyfi. Ber ríkissjóði því að greiða nú þegar hinn tildæmda málskostnað, bæði við hinn fyrri málflutning og nú hinn síðari, eða samtals kr. 129.853.00.

Mál þetta var munnlega flutt mánudaginn 30. apríl. Dómur þessi var saminn hinn næsta dag, 1. maí, en vegna anna dómarsans við sýslufund Austur-Húnavatnssýslu vannst ekki tími til þess að hreinrita dóminn og innfæra í dómabók fyrr en í dag. Rétt er að taka fram, að aðrir dómars hafa eigi verið uppkveðnir né hefur farið fram annar málflutningur á þessum tíma.

Dómsorð:

Stefndi, Málmur h/f, Blönduósi, greiði stefnanda í skaðabætur kr. 204.477.00 með 8% ársvöxtum frá 1. janúar 1970. Þá greiði stefndi kr. 129.853.00 málskostnað. Löghaldið, sem gert var í eign stefnda, Málms h/f, staðfestist. Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.
